

Fjallabyggð
Ármanн Viðar Sigurðsson byggingarfulltrúi
Gránugötu 24
580 SIGLUFIRÐI



Reykjavík, 11. maí 2015

Ágæti byggingarfulltrúi

Starf byggingarfulltrúa er gríðarlega mikilvægt fötluðu fólk enda snýst starfið meðal annars um að standa vörð um grundvallarréttindi í lífi þeirra, þ.e. öryggismál og aðgengi að mannvirkjum og aðkomu að þeim.

Öryrkjabandalag Íslands (ÖBÍ) lýsir yfir ánægju að mestu leyti með þær breytingar sem gerðar hafa verið á undanförnum árum með samþykkt Mannvirkjalaga nr. 160/2010 og Byggingarreglugerð nr. 112/2012 með nýjustu breytingum nr. 280/2014. Sérstaklega ber að fagna að strangari kröfur eru gerðar til algildrar hönnunar við mannvirkjagerð.

Margt fatlað fólk upplifir að hindranir séu í veginum sem hefta þáttöku þess í samféluginu. Stundum virðist gleymast að samfélagsþátttaka eru mannréttindi, en ekki lúxus. Aðgengi fyrir alla er mikilvægt skref í að opna fyrir þáttöku fólks sem oft upplifir sig utangarðs.

Það er ekki sjálfsagt að lögum og reglugerðum sé fylgt, hvort sem það sé vegna þekkingarleysis eða vegna annarra orsaka. Þess vegna er eftirlit byggingarfulltrúa gríðarlega mikilvægt á öllum stigum mannvirkjagerðar.

Það er ljóst að það eftirlit er flókið og taka þarf tillit til margra þátta. Ekki nægir að horfa aðeins til aðgengis heldur þarf jafnframt að horfa til öryggismála og sérstaklega verður að skoða útgöngu- og brunaleiðir með fatlað fólk í huga. Þá verða að vera armstoðir á snyrtungum í byggingum sem falla undir kröfur um algilda hönnun, en þær eru forsenda þess að sumt fólk geti yfir höfuð notað snyrtunga án þess að eiga á hættu að verða fyrir slysi.

Við viljum eiga gott samstarf við byggingarfulltrúa um allt land og höfum hug á að halda námskeið í haust um aðgengi og algilda hönnun í samvinnu við Mannvirkjastofnun. Þar væri á dagskrá fyrirlestur um aðgengismál og fræðsla um ýmis hjálpartæki þar sem þátttakendur fengju m.a. að nota slík tæki.

Með vinsemdu og virðingu

A handwritten signature in blue ink that reads "Ellen Calmon".

Ellen Calmon
Formaður ÖBÍ

A handwritten signature in black ink that reads "Stefán Vilbergsson".

Stefán Vilbergsson
Verkefnastjóri ÖBÍ

